

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 4. apríl 2024
Málsnúmer: 202403-0011
SS/IAS/LA

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna vikurnáms við Búrfell.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 5. mars 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna framkvæmd Hólasmára ehf. á áframhaldandi vikurnámi á Búrfellshólmum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í henni komi fram flest það sem nauðsynlegt er. Um verulega stækkun á efnistökusvæði er að ræða og ljóst að umhverfisáhrif af stækkuninni verða mikil. Mjög víðáttumikið svæði verður fyrir beinu og óafturkræfu raski. Ásýndaráhrif framkvæmdarinnar verða umtalsverð. Vissulega er um stækkun á núverandi efnistökusvæði að ræða sem er heppilegra en að opna nýtt efnistökusvæði annars staðar en umfang framkvæmdasvæðisins er verulega stórt og með svo mikilli stækkun er líklegt að landslag svæðisins muni verða fyrir töluverðum neikvæðum áhrifum. Huga þarf vandlega að því að meta umfang og eðli landslagsbreytinga og samfélagsleg áhrif af því.

Eitt af því sem fjallað verður um er hvernig frágangi efnistökusvæðisins hefur verið háttáð til þessa. Að mati Náttúrufræðistofnunar er þetta mjög mikilvægt því ef myndir frá Loftmyndum ehf (myndir frá 2022) eru skoðaðar sést að fyrra námusvæði er illa útlítandi og sá frágangur sem þar var viðhafður ekki til fyrirmyndar. Fjalla þarf betur um hvernig frágangi verður háttáð, líka hvort vinnslan verði áfangaskipt og gengið endanlega frá eftir hvern áfanga, og hvort einhver landgræðsla sé fyrirhuguð.

Gera þarf betur grein fyrir afmörkun vinnslusvæðisins en gera þarf ráð fyrir jaðarsvæði bæði við Bjarnarlæk og Þjórsá. Skoða þarf hvort það minnki ekki ásýndaráhrif ef jaðarnir eru óraskaðir og halli hafður aflíðandi frá óröskuðu svæði ofan í námubotn.

Fuglalíf og gróðurfar svæðisins hefur verið kannað nýlega og Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að ekki sé þörf á frekari athugunum. Þótt gróðurlendi sem verði fyrir raski séu ekki metin með hátt verndargildi ætti engu að síður að ræða í umhverfismatskýrslunni mótvægisáðgerðir við því tapi á gróðurþekju sem verður s.s. landgræðslu.

Tekið er undir ábendingu í umsögn Fiskistofu frá 15. mars 2024 um að það vanti betur umfjöllun um hvort framkvæmdin geti haft áhrif á lífríki Þjórsár.

Náttúrufræðistofnun telur að fjalla þurfi um fok frá svæðinu og áhrif á t.d. ásýnd svæðis, gróðurfar í nágrenni og samfélagsleg áhrif.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

